

*íthfutur*

U P P B Y G G I N G A R  
S J Ó Þ S

N O R Þ U R L A N D S  
V E S T R A

*2024*



SÓKNARÁÆTLUN  
NORÐURLANDS VESTRA

# UPPBYGGINGARSJÓÐUR NORÐURLANDS VESTRA

Tilgangur Uppbyggingarsjóðs er að styrkja menningar-, atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni á Norðurlandi vestra. Sjóðurinn er samkeppnissjóður og eru umsóknir metnar út frá þeim markmiðum og áherslum sem koma fram í Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2020-2024 og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Með samkeppnissjóði er átt við að samkeppni milli verkefna ræður úthlutun. Bestu verkefni að mati fagráðs hljóta brautargengi, að undangengnu formföstu ferli þar sem umsóknum eru gefnar einkunnir og stig eftir útgefnu matsblaði. Til að koma til greina þurfa umsækjendur að hafa lögheimili á Norðurlandi vestra og verkþættir sem hægt er að sækja um styrk fyrir verða að koma til á árinu 2024.



Uppbyggingarsjóður heyrir undir sóknaráætlun Norðurlands vestra sem er okkar stefnuskjal og leiðarljós fimm ár í senn. Árið 2024 er lokastarfsár nágildandi sóknaráætlunar og er undirbúningur hafinn við gerð nýrrar sóknaráætlunar. Á undanförunum árum hefur umsækjendum í Uppbyggingarsjóð fjölgað til muna og verkefni hafa eflst. Það er ánægjulegt að fylgjast með þeirri uppbyggingu og þetta skiptir máli fyrir okkar samfélag og atvinnulíf. Nýbreytni, aukin virðissköpun og almenn framþróun hjálpar okkur að byggja á því góða sem við höfum og eykur fjölbreytnina.

Atvinnuráðgjafar SSNV á sviðum fyrirtækja, ferðamála, nýsköpunar og menningar eru með viðveru á skrifstofum samtakanna á Hvammstanga, Blönduósi, Skagaströnd og Sauðárkróki. Þau veita aðstoð við umsækjendur og styrkhafa Uppbyggingarsjóðs, halda vinnustofur og námskeið og leiðbeina eftir bestu getu.

Við hvetjum íbúa svæðisins til að kynna sér þau verkefni sem hafa hlotið styrk úr Uppbyggingarsjóði, sækja viðburði eins og hægt er, fylgjast með atvinnu- og menningarlífi og að sjálfsgöðu að hafa samband við ráðgjafa SSNV varðandi þau verkefni sem þeir eru sjálfir með í burðarlidnum. Okkur er ekkert að vanbúnaði og hér viljum við áfram sjá blómlegar byggðir og öflugt atvinnulíf.

*F.h. starfsfólks SSNV,  
Katrín M. Guðjónsdóttir,  
framkvæmdastjóri*



Árþing SSNV kýs úthlutunarnefnd og tvö fagrád Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra. Hlutverk fagráðanna er að leggja faglegt mat á umsóknir og gera tillögur um styrkveitingar til úthlutunarnefndar.

## Fagrád menningar

- Elín Lilja Gunnarsdóttir, Húnaþingi vestra, formaður
- Elínborg Erla Ásgeirsdóttir, Skagafjörður
- Steinunn Gunnsteinsdóttir, Skagafjörður
- Valgarður Hilmarsson, Húnabyggð
- Jón Ólafur Sigurjónsson, Skagaströnd

Starfsmaður Fagráðs menningar fyrir úthlutun 2024 er Sveinbjörg Pétursdóttir, starfsmaður SSNV.

## Fagrád atvinnuþróunar og nýsköpunar

- Hildur Þóra Magnúsdóttir, Skagafirði, formaður
- Erla Gunnarsdóttir, Húnabyggð
- Gunnsteinn Björnsson, Skagafirði
- Gunnar Tryggvi Halldórsson, Húnabyggð
- Rakel Runólfsdóttir, Húnaþingi vestra

Starfsmaður Fagráðs atvinnu- og nýsköpunar er Sveinbjörg Rut Pétursdóttir, starfsmaður SSNV.

## Úthlutunarnefnd

- Ragnhildur Haraldsdóttir, Húnabyggð, formaður
- Hildur Þóra Magnúsdóttir, Skagafirði, formaður Fagráðs atvinnuþróunar og nýsköpunar
- Elín Lilja Gunnarsdóttir, Húnaþingi vestra, formaður Fagráðs menningar.

Uppbyggingarsjóður Norðurlands vestra hefur lokið úthlutun þeirra fjármuna sem til ráðstöfunar var fyrir árið 2024. Til verkefna þessa árs hafa hafa því verið lagðir allnokkrir fjármunir í ýmis konar störf og viðfangsefni í landshlutanum.

Alls bárust 103 umsóknir um styrki að upphæð 221 milljón króna en til úthlutunar voru rúmlega 79 milljónir. Eftir skoðun og yfirferð fagráðs menningar annarsvegar og nýsköpunar hins vegar hlutu 73 umsóknir brautargengi.

# STYRKHAFAR

## atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni

Umsóknum í flokk verkefnastyrkja á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar hefur verið stöðugur á síðustu árum. Fagráðið metur allar umsóknir til einkunna og stiga, byggt á mati á því hvort verkefnið sé m.a. talið líklegt til atvinnusköpunar, fjölgunar starfa, að auka fagmennsku og fjölbreytni í störfum, auk mats á gæðum og raunsæi umsóknar út frá markmiðum og fjárhagsáætlun, og leggur til styrkupp hæð út frá samkeppnishæfi umsóknarinnar.

STYRKÞEGI	VERKEFNI	UPPHÆÐ
<b>Skógarplöntur ehf.</b>	<b>Skógarplöntur - gróðrastöð í Húnaþingi vestra</b>	<b>4.926.500 kr.</b>
<p>Verkefnið miðar að því að koma á fót gróðrastöð sem framleiðir trjáplöntur til gróðursetningar. Sótt er um styrk til úrvinnslu og greiningu verkefnis, gerð rekstrar- og fjárhagsáætlunar, gerð kynningarefnis fyrir fjárfesta og fjárfestakynningar.</p>		
<b>Elínborg Erla Ásgeirsdóttir</b>	<b>Vallhumall</b>	<b>2.316.750 kr.</b>
<p>Verkefnið snýst um þróun á ræktunar- og vinnsluáferðum, auk mælinga á innihaldsefnum, svo nýta megi plöntuna Vallhumal sem hráefni í matvælaframleiðslu. Einnig fullvinnsla á útliti og uppskrift vörunnar Vallhumalssíróp.</p>		
<b>Kristófer Már Maronsson</b>	<b>Ferðavenjumælaborð</b>	<b>2.457.800 kr.</b>
<p>Markmið verkefnisins er að einfalda fyrirtækjum og stofnunum að meta losun frá ferðavenjum starfsfólks og greina tækifæri til þess að fara í markvissar aðgerðir. Sett verður upp þjónusta þar sem aðilar geta sent út ferðavenjukönnun á starfsfólk. Útreikningar verða sjálfvirkir og mælaborð gefur niðurstöður á losun frá ferðavenjum sem byggja á svörum í hvert skipti.</p>		
<b>Martina Ines Ohletz</b>	<b>MIO Konfekt - Developing new line of products + online shop</b>	<b>790.055 kr.</b>
<p>Markmið verkefnisins er að þróa og prófa nýja vörlínu með sérstökum íslenskum innihaldsefnum, koma upp söluvefsíðu og þróa sjálfbærar umbúðir sprotafyrirtækið MIO Konfekt, handgert súkkulaði og trufflur.</p>		

# Atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni

STYRKÞEGI	VERKEFNI	UPPHÆÐ
-----------	----------	--------

**María Eymundsdóttir** Ræktun burnirótar með **3.795.000 kr.**  
**Aeroponic**

Markmið verkefnisins er að þróa á aðferð til að rækta burnirót í aeroponic, loftræktunarkerfi, til að stytta vaxtatíma hennar og kanna hvort að hægt sé að rækta hana eingöngu í aeroponic til að auðvelda og flýta fyrir ræktun og uppskeru á henni.

**FoodSmart Nordic ehf.** Ný framleiðsluáferð Sæbjúgu - **4.416.562 kr.**  
**Losun þungmálma**

Markmið verkefnisins er að þróa nýja framleiðsluáferð sem getur fjarlægð þungmálma úr sjávarafurðum sem að stuðlar að fullnýtingu á takmarkaðri auðlind. Aðferðin byggir á því að vinna sjávarafurð niður í vökvaform og síá burt þungmálma og afurðin er duft. Sjávarafurðin sem notuð verður í þessu verkefni er sæbjúga en hægt verður að nota aðferðina til þess að minnka styrk þungmálma í öðrum sjávarafurðum.

**Skíðadeild UMF Tindastóls** Markaðssetning fyrir skólahópa **720.000 kr.**  
**á Skíðasvæði Tindastóls**

Markmið verkefnisins er að fjölga skólahópum með því að kynna skíðasvæði Tindastóls sem vetrar áfangastað fyrir skólahópa á landsvísu. Skíðasvæðið er vel útbúið fyrir byrjendur sem og lengra komna og getur skíðasvæðið tekið á móti 70 manna skólahóp. Stefnt er að gera kynningar myndband til að sýna hvaða möguleika svæðið hefur upp á að bjóða.

**Rannveig Rós Bjarnadóttir** Markaðssetning á vörum **812.000 kr.**  
**Kalksalts**

Verkefnið snýr að því að markaðsetja vörur og koma á persónulegum samskiptum við seljendur á vörum sem Kalksalt er að framleiða, kynna fyrirtækið sjálft og fá aðstoð við búa til auglýsingar.

**Sjávarlíftækniatrið BioPol ehf** Vörusmiðja Biopol **1.195.500 kr.**  
**markaðsátak 2024**

Markmið verkefnisins er að auka framleiðslu á svæðinu og dreifingu á framleiðsluvörum smáframleiðenda. Með því er verið að auka verðmæti sem búið eru til á Norðurlandi vestra.

# Atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni

STYRKÞEGI	VERKEFNI	UPPHÆÐ
-----------	----------	--------

**Friðgeir Jónasson** **Samanburðartilraun** **315.000 kr.**  
**á grænáburði**

Markmið verkefnisins er að gera tilraunir með ræktun mismunandi korntegunda og belgjurta með það í huga að nota sem grænáburð við ræktun lífræns grænmetis þar sem ekki má nota tilbúinn áburð.

**Sjávarlíftækniþróun** **Living Purple -** **2.000.000 kr.**  
**BioPol ehf** **The Next Steps**

Markmið verkefnisins miðar að því að taka skref í átt að því að hefja sjálfbæra framleiðslu á textíllitarefni sem byggir á violacein. Meginmarkmið verkefnisins eru: (1) Undirbúa frumgerð af violacein-miðuðu litarefni úr bakteríunni *J. lividum*, sem er tilbúð til notkunar í textíllitun. (2) Próa ferla sem þarf til framleiðslu á víólasíni til notkunar í atvinnuskyni við textíllitun. (3) Rannsaka hvort örverueyðandi eiginleikar violacein varðveitist þegar það er notað til að lita ull.

**Sýndarveruleiki** **Stafræn leiðsögn um sögustaði á** **2.500.000 kr.**  
**ehf.** **Norðurlandi vestra**

Markmið verkefnisins er að gera frekari tilraunir á virkni þeirra tæknilausna sem þróaðar hafa verið innan vébanda Sýndarveruleika ehf. á Sauðárkróki undanfarin ár til að miðla upplýsingum til ferðafólks í gegnum snjalltæki í formi hljóðleiðsagnar með viðbættum veruleika (Augmented reality). Gerð verður tilraun með nýtingu á þessari tækni til að miðla fróðleik um tvo sögustaði á Norðurlandi vestra, Þrjúhorn í Húnabyggð og Villa Nova á Sauðárkróki.

**Ísponica ehf.** **Rannsóknir og þróun á** **1.500.000 kr.**  
**viðskiptaháttum Ísponica**

Markmið verkefnisins er að vinna með sérfræðingum að þróun næsta stigs Ísponica. Í því felst meðal annars að gera markaðsrannsóknir og gera byggingaráætlanir fyrir nýjan gróðurhúsaveitingastað þar sem Ísponica mun selja rétti úr hráefni sem ræktað er í aðstöðunni.

**FoodSmart** **Kolefnisfótspor framleiðslu - frá** **500.000 kr.**  
**Nordic ehf.** **hráefni til neytenda**

Eitt af markmiðum nýrrar framleiðslulínu í nýju framleiðsluhúsnæði á Blönduósi er að hafa eins lágt kolefnisfótspor og hægt er ásamt því að nota eins væga efnaeðhöndlun við framleiðslu á sínum afurðum. Markmið verkefnisins er að kortleggja kolefnisfótspor framleiðsluferilsins alla leið frá því að hráefnið er veitt og þegar að afurðin er komin til neytenda.

# Atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni

STYRKÞEGI	VERKEFNI	UPPHÆÐ
<b>Ferðamálasamtök Norðurlands vestra</b>	<b>Undrun - útilistaverk á Norðurstrandarleið</b>	<b>1.000.000 kr.</b>
<p>Með verkefninu verða styrkleikar svæðisins, mikill sagnaarfur og náttúrufegurð, nýttir til að glæða ferðamannaleiðina Norðurstrandarleið enn frekara lífi, með uppsetningu útilistaverka sem úkraínski listahópurinn UNDRUN/Dyvyna DECOR mun taka að sér að gera. Þannig verður stuðlað að því að ferðamenn heimsæki svæðið frekar og staldri lengur við, þar sem stoppum á leiðinni verður fjölgað og þau styrkt, auk þess sem listaverkin munu styðja við markaðssetningu á leiðinni og svæðinu sem áfangastað.</p>		
<b>Friðgeir Jónasson</b>	<b>Moltugerð samkvæmt hugmyndafræði Biocyclic Vegan Int.</b>	<b>1.598.000 kr.</b>
<p>Markmið verkefnisins er að gera tilraun með jarðvegsgerð á Íslandi sem byggir á hugmyndafræði Biocyclic Vegan International samtakanna. Um er að ræða jarðvegsgerð þar sem ekki eru notaðar dýraafurðir, s.s. sláturúrgangur eða skítur/húsdýraáburður.</p>		
<b>Kristófer Már Maronsson</b>	<b>Vasareiknir</b>	<b>2.500.000 kr.</b>
<p>Markmið verkefnisins er að hanna notendavænan hugbúnað sem getur nýst til lausnar á mismunandi viðfangsefnum. Hugbúnaðurinn byggist á reglum, þar sem hver regla hefur ákveðin áhrif á ráðstöfunartekjur. Reglur eru t.d. fyrsta þrep tekjuskatts, annað þrep tekjuskatts, útsvar, persónuafsláttur, barnabætur o.s.frv. Hver regla tekur við upplýsingum sem notendur slá inn og gefur ákveðna útkomu. Samanlögð útkoman úr öllum reglunum myndar ráðstöfunartekjur.</p>		
<b>Pálmi Geir Ríkharðsson</b>	<b>Sæðingastöðin Syðri - Völlum</b>	<b>1.748.000 kr.</b>
<p>Markmið verkefnisins er að bjóða upp á sæðingar fyrir hryssueigendur og aukna þjónustu við þá stóðhestaeigendur sem taka sæði úr sínum stóðhestum. Nota menntun og þekkingu dýralæknis til þess að skapa aukið atvinnuöryggi fyrir okkur og nýta jörðina okkar meira og betur en nú er gert auk þess sem verkefnið skapar atvinnu í sveitarfélaginu.</p>		



## Atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni

STYRKÞEGI	VERKEFNI	UPPHÆÐ
-----------	----------	--------

**Álfhildur Leifsdóttir**                      **STEM-búðir á Norðurlandi vestra**                      **1.700.000 kr.**

Markmið þessa verkefnis er að fræða kennara um STEM með því að setja upp STEM-búðir fyrir kennara á Norðurlandi vestra og bjóða þannig upp á þjálfun og endurmenntun á verklegri raungreinakennslu. Kennarar eiga að fara þannig nestaðir heim eftir STEM-búðirnar að þeir séu með þjálfun og kennsluleiðbeiningar til að nýta í sinni kennslustofu sem fyrst. Markmiðið er þannig að stórefla verklega raungreinakennslu á Norðurlandi vestra.

**Evelyn Ýr Kuhne**                      **Sögusýning íslenska fjárhundsins - leiðir í menningarmiðlun**                      **1.557.000 kr.**

Markmið verkefnisins gengur út á að opna sýningu um íslenska fjárhundinn sem miðlar og varðveitir upplýsingar, myndir og frásögn um þjóðarhund Íslendinga. Leitað verður til fagaðila til að fá ráðgjöf í uppsetningu og framleiðslu af efni til að nýta nútímalega tækni og aðferðir í menningarmiðlun til að auka uplifun gesta. Sýningin eykur ferðapjónustuframboð á svæðinu og verður hluti af menningartengdri ferðapjónustu á Lýtingsstöðum fyrir innlenda sem erlenda gesti á heilsársgrundvelli.

**Álfhildur Leifsdóttir**                      **Vinnsla ullarbands og hönnun prjónles upprunnið úr Fljótum**                      **2.337.194 kr.**

Markmið verkefnisins er að hanna prjónavörur úr sauðabandi frá Brúnastöðum í Fljótum. Sauðabandið ásamt uppskriftum af menningartengdri hönnun verður selt í Litlu sveitabúðinni á Brúnastöðum.

# STYRKHAFAR

## Menningarverkefni

Flestar umsóknir berast árlega í flokk verkefnastyrkja á sviði menningar, sem er til marks um blómlegt og fjölbreytt menningarlíf svæðisins. Úr vöndu er að ráða vegna fjölda umsókna miðað við fjármagnið til umráða. Við yfirferð umsókna er m.a. lagt mat á listrænt og menningarlegt gildi verkefnisins fyrir svæðið, hversu vel verkefnið falli að áherslum og markmiðum Sóknaráætlunar Norðurlands vestra, líkur á jákvæðum samfélagslegum áhrifum, gæði umsókna með tilliti til verkefnalýsingar, rökstuðnings, skýrleika og raunsæis markmiða og fjárhagsáætlunar og hversu líklegt sé að verkefnið muni ná fram að ganga.

STYRKÞEGI

VERKEFNI

UPPHÆÐ

## Bókmenntir / fræðirit / margmiðlun

Alfreð Guðmundsson

Fuglar á Fróni

405.000 kr.

Markmið verkefnisins er að útbúa fræðandi og áhugaverða myndskreytta vísabók um 24 fuglategundir sem sjást á Íslenskri grundu eða í landhelgi hennar. Fuglategundirnar verða myndskreyttar ásamt því að samdar verða tvær vísur um hverja og eina fuglategund. Einnig er markmiðið að lesendur fái að kynnast fleiri en einum bragarhætti sem eru viðhafðir í vísnaverð hér á landi.

Kristófer Már  
Maronsson

Ekkert helvítis frí

1.250.000 kr.

Nafnið "Ekkert helvítis frí" er skírskotun í skammstöfunina ehf, sem stendur fyrir einkahlutafélag. Markmiðið með hlaðvarpinu er að varpa ljósi á ósagðar sögur frumkvöðla sem hafa byggt upp fyrirtæki og lagt allt í sölurnar. Ljósi verður m.a. varpað á fyrstu skrefin, persónulegar fórnir og skemmtilegar staðreyndir úr sögu fyrirtækjanna.

USAH, Ungmennasamband Húnavökurit 2024

350.000 kr.

Austur-Húnavetninga

Ársritið *Húnavaka* hefur verið gefið út samfelld frá 1961 með það að markmiði að halda úti menningar- og upplýsingariti um Austur-Húnavatnssýslu að fornu og nýju, varðveita söguna og miðla henni til fólks, bæði innan héraðs og utan. Efni ritsins er með svipuðu sniði á hverju ári en þar má finna viðtöl, kveðskap, ferðalýsingar, smásögur, greinar, fréttir frá fyrirtækjum og félagasamtökum, minningargreinar um látna Húnavetninga og myndir bæði af nýfæddum Húnavetningum og fermingarbörnum.

USVH, Ungmennasamband Húni 45. árgangur

350.000 kr.

Vestur-Húnavetninga

Á árinu 2024 mun 45. árgangur *Húna* koma út. Í ritinu er ýmis fróðleikur úr héraði sem safnað er saman yfir árið af fjögurra manna ritnefnd, sem einnig tekur viðtöl og hefur samband bæði við fasta pistlahöfunda sem nýja. Meðal efnis eru viðtöl, frásagnir, greinar, ljóð, fréttapistlar úr Húnaþingi vestra auk minningagreina um látna og ýmiss annars efnis og fróðleiks. Ritinu er dreift til áskrifenda og það selt í lausasölu.

## Menningarverkefni

STYRKÞEGI	VERKEFNI	UPPHÆÐ
-----------	----------	--------

USVH,  
Ungmennasamband  
Vestur-Húnavetninga

Aðgengi að Húna í gegnum  
tímarit.is

45.000 kr.

Markmiðið er að auka aðgengi að Húna, riti sem USVH hefur gefið út frá 1976. Mikil menningarlegt verðmæti er í þessum ritum og með því að setja þau inná tímarit.is mun það auðvelda aðgang ásamt því að mögulegt er að nýta leitarmöguleika þeirra.

Ágúst Ingi  
Ágústsson

Upphaf körfuboltans á Króknum

500.000 kr.

Markmið verkefnisins er útgáfa á riti um upphaf körfuknattleiksíðkunnar á Saudárkróki. Körfubolti er stór hluti af menningu Skagfirðinga og er saga hans því hluti af menningarsögu svæðisins. Helsta markmið er að miðla upphafsárum körfuboltans á markvissan og fræðilegan hátt.

## Menningartengd ferðapjónusta

Húnabyggð

Haust í Húnabyggð

400.000 kr.

Markmið verkefnisins er að efla og tryggja gott menningarlíf í sveitarfélaginu með því að búa til vettvang þar sem bæði íbúar og gestir geta hist bæði með því að bjóða upp á menningu og með því að varðveita og endurvekja gamlar hefðir í matargerð ásamt því að hafa gleði og gaman í fyrirrúmi.

Skagabyggð

Söguferðapjónusta í Skagabyggð

1.200.000 kr.

Markmið verkefnisins er að skapa menningartengda afþreyingu óháð þjóðerni, sem hægt væri að upplifa hvort heldur sem er í Kálfshamarsvík eða heima við tölvuna. Verkefninu er ætlað að draga fleiri ferðamenn á svæðið þar sem frásögnum er ætlað að vekja upp forvitni að skoða söguvið þeirra og njóta frekari upplifana.

Varðveita áður óskrásettar frásagnir og varðveita þar með menningararf svæðisins. Verkefnið er langtímafjárfesting sem yrði gild um aldur og ævi

## Menningararfur / safnamál

**Héraðsbókasafn Skagfirðinga**      **Héraðsbókasafn Skagfirðinga**      **500.000 kr.**  
**120 ára**

Markmið verkefnisins er að varðveita og miðla sögu eins elsta héraðsbókasafns landsins, vekja athygli almennings á hlutverkum almenningsbókasafna í nútímasamfélagi, að auðga viðburðahald í Safnahúsi Skagfirðinga og tengja betur saman þau söfn sem starfa í húsin og að auka læsi á bókmenntir og listir og miðla menningararfi héraðsins á fjölbreyttan hátt

**Húnaþing vestra**      **Þverfaglegt samstarf safna, setra og sýninga á Norðurlandi vestra**      **500.000 kr.**

Samstarfsverkefni fyrir öll söfn, setur og sýningar á Norðurlandi vestra til að auka gæði og fagmennsku í safnastarfi á svæðinu. Um er að ræða þriggja ára átaksverkefni til að fá söfn og setur á svæðinu til að auka samvinnu sín á milli m.a. hvað varðar þekkingu og fræðslu, kynningarmál, stefnumörkun og rannsóknir og er unnið eftir tillögum sem komu fram í skýrslunni „Samstarf og sóknarfæri safna á Norðurlandi vestra“ í júní 2021.

**Zoltán Barát**      **Litir bæjarins / Colors in the town**      **400.000 kr.**

Markmið verkefnisins er að sýna sögu Íslands og draga fram helstu atburði sögunnar í gegnum samfélagslegt listaverk. Verkefnið snýr að því að búa til samfélagslistaverk.

## Danslist

**Húnaþing vestra**      **Dansskóli Menningarfélags Húnaþings vestra**      **1.000.000 kr.**

Markmið verkefnisins er að halda úti Dansskólanum á tveimur stöðum á Norðurlandi vestra árið um kring, kennt verður í 10 skipti á hverri önn, með miðannarfrí á miðri önn. Vorönn hefst 26. febrúar 2024. Kennst verður á öllum grunnskólaaldri og elstu tveimur árgöngum leikskóla stendur auk þess til boða að taka þátt. Boðið verður upp á danskennslu í fjölbreyttum dansstílum; street, hip hop, jazz og söngleikjadansi.

STYRKPEGI

VERKEFNI

UPPHÆÐ

## Tónlist

**Félag eldri borgara** **Vor- og jólatónleikar 2024** **400.000 kr.**  
**Húnaþingi vestra**

Stefnt er að því að halda áfram úti öfluggu söngstarfi meðal eldri borgara í Húnaþingi vestra og miðla afrakstrinum til samfélagsins. Helstu verkefni á árinu eru æfingar og undirbúningur fyrir tvenna tónleika, annars vegar að vorlagi og hins vegar fyrir jól á Hvammstanga 2024.

**Malen Áskelsdóttir** **Útgáfa plötu og útgáfutónleikar í** **750.000 kr.**  
**Skagafirði**

Markmið verkefnisins er að semja, taka upp og gefa út plötu eftir tónlistarkonuna Malen Áskelsdóttir. Útgáfutónleikar verða svo haldnir í Skagafirði.

**Jóhann Daði** **Jólin heima** **1.500.000 kr.**  
**Gíslason**

Jólatónleikarnir Jólin heima eru skagfirskir jólatónleikar sem hafa það að markmiði að færa jólaandann til fólksins í samfélaginu. Á tónleikunum kemur fram tónlistarfólk alls staðar að úr Skagafirði, ungu og efnilegu tónlistarfólki er gefið tækifæri til að koma fram og syngja fyrir fullum sal ásamt þeim sem reynslumeiri eru. Á tónleikunum eru bæði spilud frumsamin jólalög og þau sem allir kunna og geta sungið með. Þetta verður fjórða árið í röð sem tónleikarnir eru haldnir.

**Skagfirski kammerkórinn** **Vorið kom í nótt** **400.000 kr.**

Líkt og undanfarin ár eru verkefni Kammerkórsins með hefðbundnu sniði og felst í því að bjóða upp á kórtónleika nokkrum sinnum á ári. Kórinn leggur áherslu á að syngja tónlist án undirleiks, oft lög eða tónverk sem teljast til óhefðbundnari kórtónlistar, bæði eldri og yngri tónsmíðar.

**Karлакórinn Lóuþrælar** **Vor- og jólatónleikar 2024** **500.000 kr.**

Markmið verkefnisins er að viðhalda íslenskri karlakóramenningu og um leið fjölbreytni í menningarlífi á Norðurlandi vestra og víðar. Markmiðið er jafnframt að efla starf kórsins og styrkja framtíð hans.

**Viðburðaríkt ehf.** **Heimatónleikar í Sæluviku -** **1.300.000 kr.**  
**tónlistarhátíð**

Heimatónleikar í Sæluviku er tónlistarhátíð sem haldin verður í heimahúsum og á óvenjulegum tónleikastöðum á Sauðárkróki í Sæluviku sem fram fer í lok apríl 2024. Um er að ræða röð tónleika þar sem áhersla er lögð á nánd milli gesta og flytjenda og eftirminnilega upplifun og faglegt skipulag.

Um leið er hátíðinni ætlað að efla tónlistarlíf á Norðurlandi, skapa vettvang fyrir tónlistarfólk á svæðinu og auka framboð á menningarviðburðum í Sæluviku

## STYRKPEGI

## VERKEFNI

## UPPHÆÐ

Karlakórinn Heimir

Karlakórinn Heimir -  
Tónleikahald starfsvetur 2023-2024

300.000 kr.

Karlakórinn Heimir var stofnaður í lok desember árið 1927 og hefur megnið af starfstíma sínum verið einn af hornsteinunum í menningarlífi Skagafjarðar. Á árinu liggja fyrir æfingar og undirbúningur fyrir skipulagða tónleika kórsins sem félagar hlakka til að flytja að vori á 2-3 stöðum á Norðurlandi vestra. Leiðarljós kórsins er að tónlistarflutningur sé ávallt bæði vandadur og með mikið afþreyingargildi.

Kvennakórinn

Einhvers staðar, einhvern  
tímann aftur

600.000 kr.

Sóldís Skagafirði

Markmiðæfa verkefnisins er að æfa upp dagskrá með lögum eftir Magnús Eiríksson. Kórinn mun halda sína árlegu tónleika á konudaginn þann 25. febrúar 2024 í Menningarhúsinu Miðgarði. Á vormisseri mun kórinn halda tónleik bæði í Húnavatnss. og í Skagaf. Markmið verkefnisins er að viðhalda faglegri kórmenningu með fjölbreyttu lagavali, gefa tónlistarfólki tækifæri á samvinnu og vera partur af menningarhefð fjórðungsins.

Heimilisiðnaðarsafnið

Stofutónleikar

200.000 kr.

Blönduósi

Heimilisiðnaðarsafnsins

Markmið verkefnisins er að stuðla að fjölbreytni í menningarlífi héraðsins og hafa mótandi áhrif á menningarlíf á Norðurlandi vestra sem og að efla nýsköpun og frumkvæði. Heimilisiðnaðarsafnið stendur fyrir Stofutónleikum í safninu. Nú mun Haraldur Ægir Guðmundsson, frá Blönduósi, kontrabassaleikari, koma fram ásamt gítarleikara og söngkonu og bjóða okkur upp á jasstónlist.

Vinir Tindastóls ehf.

Tindastuð

1.500.000 kr.

Tinda-stuð verður haldið í fjórða sinn í mars 2024. Boðið verður upp á kvöldskíðun á meðan þekktir tónlistarmenn halda uppi stemmningunni í miðri brekkunni. Viðburðurinn er einstakur að því leyti að tónleikarnir eru haldnir í fjalli og hægt að skíða meðan á þeim stendur. Mikil áhersla er lögð á góða markaðssetningu, en með Tinda-stuði er unnið að kynningu á skíðasvæði Tindastóls, Skagafirði og Norðurlandi vestra sem spennandi vetraráfangastað og stuðlað að framgangi skíðaíþróttarinnar.

Rokkórinn,  
félagasamtökTónleikar  
Rokkórsins 2024

400.000 kr.

Norðanpaunk er ættarmót paunkara á Íslandi. Markmið Norðanpaunks er að vera vettvangur fyrir hljómsveitir sem eru of óvanalegar eða skrýtnar fyrir aðra tónleikastaði. Norðanpaunk leggur áherslu á að veita ungum, óvanalegum, íslenskum hljómsveitum brautargengi með aðstoð útvaldra erlendra gesta.

## Listhönnun

Heimilisiðnaðarsafnið Sumarsýning/sérsýning 300.000 kr.  
Blönduósi Heimilisiðnaðarsafnsins

Markmið verkefnisins er fyrst og fremst að auðga menningarlíf héraðsins sem og að skapa umfjöllun um safnið og veita safngestum fjölbreytta sýn á margskonar handið á Íslandi. Þá er einnig miðað við að sýnendur/listafólk nýti safnkostinn sem uppsprettu að nýrri listsköpun. Síðast en ekki síst þá örvar sérsýning/sumarsýning safnsins heimsóknir í safnið.

## Blönduð menningardagskrá

Unglist í Húnaþingi Eldur í Húnaþingi 900.000 kr.

Markmið Elds í Húnaþingi er fyrst og fremst að stuðla að samfélagslegri þátttöku en markmið hátíðarinnar er að vera staður og stund fyrir bæði heimafólk og aðkomufólk til að sjá og taka þátt í því sem Húnaþing vestra hefur upp á að bjóða, t.d. á sviðum lista, menningar og íþróttu.

Slysavarnadeildin Hetjur Hafsins 800.000 kr.  
Skagaströnd

Hetjur hafsins er samfélagsleg menningarhátíð sem haldin er árlega á sjómannadaginn. Hátíðin hefst á tónleikum á föstudegi. Á laugardegi er sögu sigling um Húnaflóa, sjómannadagsmessa og sjómannaleikir ásamt myndlistarsýningu heimamanna á hafnarsvæði. Allir aldurshópar geta fundið eitthvað við sitt hæfi og styður hátíðin við Skagaströnd sem fjölskylduvænt samfélag.

Húnabyggð Vatnsdæluhátíð 900.000 kr.

Vatnsdæluhátíð er viðburður til að vekja athygli ferðamanna og Húnvetninga á þeirri uppbyggingu sem hefur átt sér stað á Þrístöpum og á slóð Vatnsdælu um leið og sögu svæðisins eru gerð góð skil og séstaða þess dregin fram. Samhlíða hátíð verður boðið upp á rathlaup í Vatnsdalshólum og náttúruhlaup í tveimur vegalengdum auk krakkahlaups.

Hólmfríður Dóra Flóabardagi 400.000 kr.  
Sigurðardóttir

Málverkasýning þar sem hópur listamanna tekur fyrir sömu söguna um Flóabardaga. Markmiðið er að sýna áhorfendum þjóðsögur og staði í myndlistarformi sem listamennirnir túlka hver á sinn hátt. Ólík sýn listamannanna ýtir við hugmyndaflugi áhorfandans og löngun að skoða nánar og kynnast svæðinu.

## STYRKÞEGI

## VERKEFNI

## UPPHÆÐ

### Húnabyggð

### Húnavaka

600.000 kr.

Húnavaka er menningar- og fjölskylduskemmtun sem haldin er árlega þriðju helgina í júlí á Blönduósi, frá fimmtudegi til sunnudags. Hún á sér langa sögu sem menningarviðburður í héraði, með viðburðum þar sem bæjarbúar og aðrir gestir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Helsta áherslan er á tónlist og barna- og fjölskylduskemmtun. Íslendingar ferðast mikið innanlands yfir sumarmánuðina og er tilgangur Húnavöku einnig að fá fjölskyldufólk til að stoppa og njóta þess sem héraðið hefur upp á að bjóða.

### Frásaga, félagasamtök

### Skemmtikvöld Frásögu

300.000 kr.

Markmið verkefnisins er að auka framboð á frumsömdum skagfirskum verkum og nýta félagsheimili og/eða Menningarhús Skagafjarðar til þess. Verkefninu er ætlað að auka samstarf fólks, með ólíkan bakgrunn, þekkingu og reynslu. Með verkefninu viljum við efla tækifæri ungra sem aldna á sviði lista og menningar í Skagafirði og nágrenni.

### Menningarfélag Gránu

### Fræði og fjör í Gránu

800.000 kr.

Markmið verkefnisins er að halda áfram því viðburðahaldi sem byggt hefur verið upp í Gránu undanfarin ár. Þetta starf hefur haft það að markmiði að augða menningarlíf á Norðurlandi vestra með áherslu á fjölbreytta viðburði fyrir alla aldurshópa. Lögð verður áhersla á miðlun á þjóðlegum fróðleik, fjölbreytta tónlist og fræðslu um fjölbreytta hluti. Viðburðunum er ætlað að vera vettvangur fyrir fjölskyldufólk á öllum aldri til að hittast, viðburðir þar sem kynslóðirnar geta sameinast.



## Fræðsla / námskeið

**Selasetur Íslands****Gerð kennslumyndbands um umgengi við seli****700.000 kr.**

Markmið verkefnisins er að stuðla að bættri hegðun ferðamanna á selaskoðunarstöðum með gerð einfaldrar fræðslumyndar sem byggist á umgengnisviðmiðum (e. Code of Conduct) Selaseturs Íslands. Selaskoðun er vaxandi partur af ferðamennsku á Íslandi en brýnt að hún sé framkvæmd með sjálfbærum hætti, sérstaklega í ljósi viðkvæmrar stöðu selastofna Íslands.

**Selasetur Íslands****Rafræn miðlun rannsókna Selasetursins á snertiskjá****1.000.000 kr.**

Selasetur Íslands hefur frá stofnun árið 2005 tekið þátt í fjölda rannsókna bæði tengdum líffræði sela og sambúð þeirra við ferðamenn. Markmið verkefnisins er að miðla þessum rannsóknum á myndrænan og aðgengilegan hátt til gesta Selasetursins á snertiskjá. Aukin fræðsla um seli er brýnt þar sem selastofnar við Íslands eru í hættu. Skjárinn verður liður í nútímavæðingu á sýningu Selasetursins og þannig draga að fleiri gesti og auka sjálfbærni í rekstri þess.

**Nes listamiðstöð ehf.****Artists in Schools Program 2024****400.000 kr.**

Nes listamiðstöð hefur tekið þátt í og deilt út mismunandi listaverkefnum í samstarfi við skóla frá árinu 2013 og stefnir að 6-8 listamannaheimsóknum á árinu, að lágmarki. Undanfarin ár hafa nemendum gefist tækifæri til að öðlast reynslu í framkomu, ljósmyndun, kvikmyndagerð, hreyfist, tónlist, handverki, skapandi skrifum og dansi.

## Leiklist og aðrar sviðslistir

**Handbendi****Hvammstangi International Puppetry Festival 2024****1.000.000 kr.**

Hvammstangi International Puppetry Festival er alþjóðleg brúðulistahátíð sem haldin er á Hvammstanga og nærsveitum þar sem íslenskir og alþjóðlegir brúðulistamenn bjóða upp á sýningar fyrir alla aldurshópa, vinnustofur og fyrirlestra - vinna með fyrirtækjum, skólum og ferðaþjónustu á staðnum að því að auka og bæta tækifæri til menningartengdrar ferðaþjónustu og fjölga tækifærum til þátttöku í listum og menningu á svæðinu. Fjórða útgáfa hátíðarinnar verður haldin 21. - 23. júní 2024.

**Nemendafélag****Leikrit NFNV 2023****350.000 kr.****Fjölbraut Sauðárkr**

Markmið verkefnisins er að setja upp sýningu nemendafélags Fjölbrautarskóla Norðurlands vestra. Leikritið er sýnt í Bifröst á Sauðárkróki og með viðburðinum gefst nemendum tækifæri á að koma sér á framfæri með t.d. söng, leik, undirspili og fl. Einnig er markmið leikritsins að leyfa nærsamfélaginu og öðrum sem hafa áhuga á að fylgjast með menningarstarfi innan skólans.

## STYRKPEGI

## VERKEFNI

## UPPHÆÐ

## Leikfélag Sauðárkróks

## Óvitar

800.000 kr.

Markmið verkefnisins er að setja upp barna og fjölskyldu leikritið Óvitar á haustdögum 2024. Leikfélag Sauðárkróks vill uppfylla sterkar væntingar samfélagsins um setja upp barna og fjölskylduleikrit þar sem fjölskyldan fær tækifæri til að upplifa saman skemmtilegan menningarviðburð í heimahéraði. Einnig að gefa fólki kost á að taka þátt í verkefninu sem þátttakandi þar sem leikhúslíf í firðinum er afar blómlegt og einnig lærdómsríkt.

## Leikfélag Sauðárkróks

## Litla Hryllingsbúðin

700.000 kr.

Markmið verkefnisins er að setja upp leikrit með söngvum í Sæluviku Skagfirðinga í apríl 2024. Leikfélag Sauðárkróks vill uppfylla sterkar væntingar samfélagsins um að taka þátt í menningarlífi Skagfirðinga sem og að gefa fólki kost á að taka þátt í verkefninu hvort sem er sem þátttakandi eða áhorfandi.

## Guðbjörg Eva

## Leikræn menningarröð

400.000 kr.

## Guðbjartsdóttir

Leikfélagið ætlar að skipuleggja leikræna menningarröð til að virkja leikfélaga okkar, verðandi félaga og samfélagið með einum eða öðrum hætti. Í litlum samfélögum skiptir öllu máli að vera með virkt menningarlíf ásamt því að ýta undir heilbrigð, fjölbreytt og skemmtileg áhugamál fyrir íbúa.

## Guðbjörg Eva

## 80 ára afmæli Leikfélags

400.000 kr.

## Guðbjartsdóttir

## Blönduóss

Markmið verkefnisins er að halda upp á 80 ára afmæli Leikfélags Blönduóss með nýstárlegum leikþáttum og sýningu á bæði upptökum og ljósmyndum frá sýningum félagsins. Að sýna fram á einstaka menningar arfleid sem samfélagið á ásamt því að sýna hvað í leikfélaginu býr.

## Annað

## Nes Listamiðstöð

## Public Art Project 2024

1.000.000 kr.

## ehf.

Verkefnið er hluti af langtímasýn þar sem ætlunin er að ráða einn listamann árlega næstu fimm árin, auðga menningarlegt aðdráttarafl Skagastrandar og bjóða ferðamönnum upp á áhugaverða viðkomustaði á meðan þeir eru í bænum. NES mun vinna náið með sveitarfélaginu til að vanda valið á listamanninum og listaverkinu sem fellur að kjarna Skagastrandar.

# STYRKHAFAR

## Stofn og rekstrarstyrkir

Stofn- og rekstrarstyrkir eru veittir til safna, setra og listamiðstöðva á sviði menningarmála, séu stofnanir, opinber hlutafélög og samtök í meirihlutaeigu ríkis eða sveitarfélaga ekki leiðandi aðilar í rekstrinum. Meðal skilyrða sem söfn og setur þurfa að uppfylla til að þau komi til greina við úthlutun er að þau séu rekin með þeim hætti að opið sé fyrir ferðamenn a.m.k. júní, júlí og ágúst ár hvert, lágmark 4 klst. á dag, sex daga vikunnar. Listamiðstöðvar skulu taka á móti íslenskum og erlendum listamönnum til lengri eða skemmri dvalar árið um kring. Styrkur er ákvarðaður út frá þeirri upphæð sem óskað var eftir og með það í huga hvert listrænt og menningarlegt gildi viðkomandi reksturs er fyrir svæðið.

### STYRKÞEGI

### UPPHÆÐ

#### Búminjasafnið Lindabæ

600.000 kr.

Búminjasafnið Lindabæ, áhugamannafélag, hlýtur stofn- og rekstrarstyrk til áframhaldandi reksturs, sýningahalds og kynningar á Búminjasafninu, sem lætur gera upp sjaldgæfar, gamlar dráttarvélur og tæki sem tengjast þeim (t.d. sláttuvélur og skúffur), sem og aðra gamla búmuni. Safnið hefur til sýnis vélur, tæki og tól sem gjörbreyttu heyskaparaðferðum og vinnulagi bænda (t.d. mjaltavélur) á sl. öld. Þannig viðheldur safnið þekkingu á kaflaskilum í sögu landbúnaðar á Íslandi.

#### Sögusetur íslenska hestsins

900.000 kr.

Sögusetur íslenska hestsins hlýtur stofn- og rekstrarstyrk til áframhaldandi uppbyggingar setursins. Meðal áherslna á árinu verður miðlun þekkingar um íslenska hestinn í víðum skilningi og jafnframt að styrkur setursins liggja í samstarfi við stofnaðila um það sem snýr að sérsviði þeirra. Lykilhugtök nýrrar stefnu eru miðlun þekkingar og samstarf.

#### Heimilisiðnaðarsafnið Blönduósi

700.000 kr.

Heimilisiðnaðarsafnið Blönduósi hlýtur stofn- og rekstrarstyrk til að efla faglega starfsemi safnsins og treysta rekstur þess. Heimilisiðnaðarsafnið er eitt þriggja viðurkenndra safna á Norðurlandi vestra og sérstaða þess mikil á landsvísu. Sem menningarstofnun sem gegnir margþættu hlutverki, við sýningahald, rannsóknir, fræðslu og miðlun menningar, mun safnið áfram leggja áherslu á öll þessi atriði, en einnig verður farið í nauðsynlegar framkvæmdir vegna viðhalds.

#### Kakalaskáli ehf. - Sögu- og listasýningar - heildarupplifun

1.600.000 kr.

Kakalaskáli hlýtur stofn- og rekstrarstyrk til áframhaldandi reksturs Kakalaskála þar sem sögu Sturlungaaldar er miðlað í gegnum sögu- og listasýningu með hljóðleidsögn, með kastljósi á sögu Þórðar kakala. Sýningin er unnin af 14 listamönnum frá 10 þjóðlöndum. Á staðnum er einnig útilistaverk Sigurðar Hansen: Sviðsetning Haugsnesbardaga 1246. Kakalaskála er ætlað að vera góð viðbót við menningarflóruna í Skagafirði, sem jafnframt styður við aðra áfangastaði í nágrenninu.

### Menningarfélagið Spákonuarfur

**1.100.000 kr.**

Menningarfélagið Spákonuarfur hlýtur stofn- og rekstrarstyrk til reksturs Spákonuhofsins á Skagaströnd þar sem boðið er upp á sýningu og söguleidsögn um Þórdísi spákonu, spár og spádóma. Markmið fyrir árið eru m.a. að halda áfram sýningarhaldi, viðhalda sagnaarfinum, starfrækja upplifunar- og þáttökufélagamennsku og taka þátt í uppbyggingu ferðþjónustu á svæðinu, en einnig að efla aðra menningarstarfsemi sem Menningarfélagið Spákonuarfur stendur fyrir.

### Nes listamiðstöð ehf.

**900.000 kr.**

Nes listamiðstöð hlýtur stofn- og rekstrarstyrk til að geta boðið listamönnum hvaðanæva að upp á vandaða dvöl nærsamfélaginu til heilla. Mikilvægustu verkefni ársins verða að tryggja rekstur listamiðstöðvarinnar. Megin markmið miðstöðvarinnar er að verða efnahagslega sjálfbær og byggja upp farsæla, vinsæla og áhugaverða listamiðstöð.

### Ós Textíllistamiðstöð

**900.000 kr.**

Ós Textíllistamiðstöð hlýtur stofn- og rekstrarstyrk til að styrkja stöðir sínar með markvissri kynningu á þeim nýju möguleikum sem eru í boði bæði hvað varðar gistingu og vinnuástöðu. Sérstök áhersla verður lögð á að kynna fyrir hópum og nemendum, erlendum og íslenskum, sem eru að vinna að lokaverkefnum að nú geti skóla- og/eða samstarfsfélagar leigt saman hús og að fjölbreyttir möguleikar við rannsóknir og hönnun textíls séu í boði, allt frá hefðbundnu handverki til stafrænnar tækni.

### Selasetur Íslands ehf.

**1.600.000 kr.**

Selasetur Íslands hlýtur stofn- og rekstrarstyrk til að styðja við sérstöðu sína sem safn, upplýsingamiðstöð, ferðaskrifstofa og rannsóknarsetur á Hvammstanga. Markmið safnsins og áherslur á árinu verða m.a. að auka og bæta fræðslu og þjónustu til almennings/ferðamanna, að efla markaðssetningu og samstarf við aðra þjónustuaðila á Norðurlandi sem og á landsvísu, auk fleiri áhersluatriða.

### Sýndarveruleiki ehf. - 1238 Baráttan um Ísland

**1.400.000 kr.**

Sýndarveruleiki hlýtur stofn- og rekstrarstyrk til að treysta starfsemi sýningarinnar 1238 – Baráttan um Ísland þar sem gestum gefst kostur á að upplifa söguna á nýstárlegan hátt og stíga inn í söguvið Örygsstaðabardaga með gagnvirkum upplifunarbáttum sem veita spennandi innsýn og fræðslu um Sturlungaöldina, í bland við hefðbundna sýningarnálgun. Í húsnæði sýningarinnar rekur sveitarfélagið Skagafjörður upplýsingamiðstöð fyrir ferðafólk og þar er einnig minjagripaverslun og Grána Bistró.

### Handbendi brúðuleikhús ehf.

**1.600.000 kr.**

Handbendi brúðuleikhús ehf. hlýtur stofn- og rekstrarstyrk til uppbyggingar á listamannadvöl ætlaða brúðulistamönnum. m. Verkefnið byggir þannig á, og styður við, þá sérstöðu sem Handbendi brúðuleikhús (fyrsti og eini Eyrarrósarhafi Norðurlands vestra) hefur markað landshlutanum sem hjarta brúðulistar á Íslandi. Ætlunin er fyrst og fremst að laða erlenda listamenn að. Vinnuaðstaða listamannanna verður í Stúdíó Handbendi, 250 fermetra iðnaðarhúsnæði á Hvammstanga sem Handbendi keypti og gerði upp.

### Verslunarminjasafn á Hvammstanga

**700.000 kr.**

Verslunarminjasafnið á Hvammstanga hlýtur stofn- og rekstrarstyrk til að styðja við rekstur og uppbyggingu safnsins, sem varðveitir og sýnir sögu og gamla muni sem tengjast verslunarháttum í Húnaþingi vestra. Aðgangur á safnið er án endurgjalds og rekstur safnsins ekki í hagnaðarskyni. Það var stofnað árið 1996 og hefur ætíð haft hluta tekna sinna af umboðssölu á handverki frá handverks- og listafólki í héraði.



**SÓKNARÁÆTLUN**  
NORÐURLANDS VESTRA

SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á NORÐURLANDI VESTRA

